



Reykjavík 1. desember 2025

VEL25110012

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### Efni: Fjöldi einstaklinga í Reykjavík sem bíða eftir plássi í dagdvöl

Þann 5. nóvember 2025 samþykkti velferðarráð svohljóðandi tillögu:

*Velferðarráð Reykjavíkur óskar eftir upplýsingum frá ríkinu um fjölda einstaklinga í Reykjavík sem bíða eftir plássi í dagdvöl.*

Greinargerð sem fylgdi tillögunni er svohljóðandi:

*Reykjavíkurborg rekur eina dagdvöl, dagdvölinna Þórrasel, og hefur einungis upplýsingar um fjölda einstaklinga í Reykjavík á biðlista í þá dagdvöl. Átta einstaklingar voru á biðlista Þórrasel 23. október 2025.*

### Fjöldi einstaklinga á bið eftir plássi í almenna dagdvöl

Velferðarsvið óskaði eftir upplýsingum frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu um fjölda einstaklinga í Reykjavík sem bíða eftir plássi í almenna dagdvöl. Samkvæmt svari ráðuneytisins liggja þær upplýsingar ekki fyrir en verið er að skoða leiðir til að afla þeirra og standa vonir til að það takist á næstu vikum.

Til að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir samkvæmt tillögu velferðarráðs var því farin sú leið að hringja í allar almennar dagdvalir sem eru í Reykjavík og kanna hve margir einstaklingar væru á biðlista, auk þess að kanna með biðlista í MS setrið en sú dagdvöl er fyrir fólk með MS og Parkinson sjúkdóm. MS setrið er með eigin biðlista og þar eru 15 Reykvíkingar á bið. Hvað varðar almennar dagdvalir eru 35 Reykvíkingar á biðlista eftir að komast í Höfðabæ, 25 bíða eftir að komast inn á Röst sem Hrafnista rekur, 134 á bið eftir að komast í Múlabæ og átta í dagdvölinni Þórrasel sem er eina almenna dagdvölin sem rekin er af Reykjavíkurborg. Múlabær er blönduð dagdvöl, bæði almenn og sérhæfð dagdvöl með endurhæfingu. Að auki er ein dagdvöl rekin á Seltjarnarnesi, Seltjörn sem er fyrir íbúa á Seltjarnarnesi og vesturhluta Reykjavíkur. Fjöldi Reykvíkinga á bið þar eru sex.



**Reykjavík**



## Fjöldi einstaklinga á bið eftir plássi í sérhæfðar dagdvalir

Þar sem eingöngu almennar dagdvalir heyra undir félags- og húsnæðisráðuneytið þarf að leita svara við biðlistatölum vegna sérhæfðra dagdvala fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóm til heilbrigðisráðuneytisins. Þessi skipting á ábyrgð dagdvala varð til með skipan ráðuneyta og verkefna þeirra í byrjun árs 2025. Þar sem Landakot heldur utan um miðlægan biðlista fyrir sérhæfðar dagdvalir var leitað eftir þessum upplýsingum þar. Þann 12.nóvember sl. voru alls 126 nöfn Reykvíkinga á biðlista eftir sérhæfðri dagdvöl samkvæmt starfsmanni á Landakoti. Margir eru á bið eftir fleiri en einum stað, en alls er um að ræða sjö staði; 83 voru í fyrsta forgangi, þ.e. tilbúin að þiggja pláss en 43 skilgreind í öðrum forgangi, sem þýðir að þau eru ekki tilbúin að þiggja pláss strax ef það væri í boði.

## Staða mála varðandi utnumhald um biðlista í dagdvöl

Nýleg skýrsla félags- og húsnæðismálaráðuneytis „*Efling og þróun dagdvala á landsvísu*“ frá mars 2025 fjallar um biðlista eftir dagdvölum.

Í skýrslunni segir: „Beiðnir um dagdvöl koma frá einstaklingum, heilsugæslu, sjúkrahúsum og í fáum tilfellum heimaþjónustu. Einhverjar dagdvalir eru með umsóknareyðublað á heimasíðu en mismunandi er hvernig sótt er um og hvernig umsókn um dagdvöl berst. Ekki er um samræmt mat að ræða milli dagdvala og ekki eru til gögn um hvort og þá hvaða mat er verið að nota. Stjórnendur hvernar dagdvalar taka ákvörðun um hverjir eigi rétt til dvalar í dagdvöl og er það í samræmi við reglugerð um dagdvöl. Ákvörðun um hvaða gögnum er óskað eftir, samþykkt eða höfnun umsóknar og hvernig forgangi er háttað er því alfarið á ábyrgð hvers og eins stjórnenda. Yfirlit um þá sem óska eftir að komast í dagdvöl, oft kallaður biðlisti er vistaður með ólíkum hætti hjá hverjum og einum stjórnanda. Engin samræming er á milli staða og þannig geta einstaklingar verið á fleiri en einum biðlista. Af þeim sökum eru ekki til nákvæmar upplýsingar um fjölda einstaklinga á bið eftir dagdvöl. Ekki er vitað til þess að biðlistar hafi verið samkeyrðir né liggja fyrir tölfraðiupplýsingar um hvort einstaklingar sem sækja dagdvöl séu einnig með heimaþjónustu eða öfugt. Eina undantekningin er varðandi biðlista eftir sérhæfðri dagdvöl fyrir fólk með heilabilun á höfuðborgarsvæðinu sem Landspítali heldur utan um.“<sup>1</sup>

Í dag stendur yfir, samkvæmt félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, vinna sem varðar niðurstöður skýrslunnar meðal annars um samræmingu biðlista.

## Niðurstaða

Saman tekið eru:

- 126 að bíða eftir sérhæfðri dagdvöl fyrir heilabilaða og þar af 83 sem eru tilbúnir til að þiggja pláss

<sup>1</sup> Félags- og húsnæðismálaráðuneytið (2025). „Efling og þróun dagdvala á landsvísu“, bls. 10. ([https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrlur-og-skrar/Efling\\_og\\_throun\\_dagdvala\\_a\\_landsvisu.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrlur-og-skrar/Efling_og_throun_dagdvala_a_landsvisu.pdf))





- 15 á bið eftir sérhæfðri dagdvöl fyrir fólk með MS og Parkinson
- 208 á bið eftir almennri dagdvöl

Ekki liggja fyrir nákvæmar samræmdar upplýsingar um hversu margir einstaklingar bíða eftir plássí í dagdvöl og er það í takt við það sem fram kemur í fyrrgreindri skýrslu.

